



Keflavík íþróttasamband

545. stjórnarfundur 13. ágúst 2020 kl. 18:00

Mættir:

Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir og Sveinbjörg Sigurðardóttir. Birgir Már Bragason og Björg Hafsteinsdóttir voru fjarverandi.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Erindi frá knattspyrnudeild varðandi hreinsun á kjallara Hringbrautar 108. Formanni og gjaldkera falið að skoða umfang verkefnisins og ræða við knattspyrnudeild um að niðurgreiða hluta af skuldum deildarinnar vegna verkefnisins.

Frá skjalaverði Reykjanesbæjar með samþykkt bæjarstjórnar vegna kaupa fimleikadeildar á fiber. Fimleikadeildin fær 5 milljónir.

Frá skjalverði Reykjanesbæjar með samþykkt bæjarstjórnar vegna neyðarstyrks til deilda sem misstu tekjur vegna Covid-19. Styrkurinn er 14 milljónir.

Frá Hugverkastofunni vegna einkaleyfis á K- merkinu. Gildir til 2. júní 2030.

Frá ÍSÍ - Eitt ár til Ólympíuleikanna í Tókýó.

Tilkynning frá RSK - Fyrirtækjaskrá aðalstjórnar Keflavíkur.

Tilkynning frá RSK - Fyrirtækjaskrá Knattspyrnudeildar – barna og unglíngaráð.

Tölvupóstur með tilkynningu um fasteingarmat á Hringbraut 108.

Tilkynning um íþróttaslys hjá knattspyrnudeild.

Frá UMFÍ - Tilkynning um frestun á unglíngalandsmóti 2020.

Frá UMFÍ - Hertari aðgerðir vegna Covid-19.

Tölvupóstur frá knattspyrnudeild með umsóknum um sértækar aðgerðir ÍSÍ vegna Covid-19.

3. Send bréf

Hugverkastofan, endurnýjun á einkaleyfi á K- merkinu.

Landsbanki Íslands, framlenging á yfirdrætti hjá körfuknattleiksdeild fram að áramótum.

Svarbréf til Halldóru Guðmundsdóttur vegna fjáraflana í nafni Keflavíkur.

Til deilda og ráða vegna umsókna um sértækar aðgerðir ÍSÍ vegna Covid-19.

Til deilda og ráða með upplýsingum um vefverslun samlokukorta.

4. Verkefnið Allir með hjá Reykjanesbæ

Einar og Hjördís fóru á fund í byrjun júní vegna verkefnis Reykjanesbæjar Allir með.

Markmiðið er að auka þátttöku barna og unglínga af erlendum uppruna í íþróttum.

Framkvæmdastjóra falið að vinna verkefnið með fulltrúum Reykjanesbæjar.

5. Fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar 2021

Búið er að kalla eftir upplýsingum frá deildum hver þörfin er á tækjum, tólum og aðstöðu næstu fimm árin. Allar deildir eru búnar að skila inn skýrslum og mun framkvæmdastjóri skila þeim til íþrótt- og tómstundafulltrúa Reykjanesbæjar.

6. Heimasíða Keflavíkur

Einar og Hjördís hafa fundað með Júlíusi Guðmundssyni hjá Dacoda um gerð nýrrar heimasíðu. Júlíus hefur gefið okkur tilboð sem var samþykkt.

7. Úthlutun á neyðarstyrk Reykjanesbæjar til deilda

Formaður og gjaldkeri fóru yfir tillögur um útdeilingu fjármagns. Ákveðið var að bíða eftir hvað skilaði sér til deilda frá neyðarsjóði ÍSÍ (sértækar aðgerðir vegna covid19).

8. Önnur mál

A. Það þarf að skipta um lagnir í kjallara Hringbrautar 108. Formaður fær heimild til að athuga með verð í framkvæmdina.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 27. ágúst 2020

Fundi slitið kl. 19:40

Fundinn ritaði Eva Björk